

Fundur í skólanefnd Framhaldsskólans á Húsavík

27. ágúst 2013 kl. 17:00-18:20

159. fundur

Fundarstjóri: Erna Björnsdóttir formaður.

Fundarritari: Herdís.

Mættir voru: Dóra, Erna, Gunnar Á., Halldór, Herdís, Lilja, Reynir, Trausti og Þorkell.

1. Breytingar á fulltrúum í skólanefnd

Rætt var um að finna þyrfti varamenn í skólanefndina í stað varamanna sem nú eru orðnir aðalmenn.

2. Upphaf skólans, fjöldi nemenda og breytingar í röðum starfsfólks

Dóra greindi frá því hvernig haustönn færi af stað. Engin busavígsla var haldin í ár heldur var lögð áhersla á að taka vel á móti nýnemum, t.d. með kórónum og veitingum. Það hefur almennt mælst vel fyrir. Dóra sagði jafnframt frá því að fyrirhugað sé að halda nýnemaviku 2. – 6. september. Þá verður ýmislegt gert með nýnemum og m.a. farið í skemmtiferð.

Herdís kynnti fjöldatölur. Heldur hefur fækkað í skólanum í ár og eru nemendur aðeins 105 talsins. Ekki hefur orðið veruleg fækkun á ársnemum frá því á vorönn þótt nokkru muni frá haustönn 2012.

Dóra kynnti starfsfólk skólans á haustönn.

3. Nýjungar í skóalstarfi

Dóra sagði frá áfanganum LMV193 (Listir, menning og vísindi) og greindi frá verkefninu Heilsumarkmiðin mín sem tengt er verkefninu Heilsueflandi skóli.

Herdís greindi frá námskrárvinnu sem fyrirhuguð er á önninni.

Spurt var hvort samstarf við Fjarmentaskólann hefði skilað skólanum einhverjum nemendum á haustönn en Dóra sagði svo ekki vera. Hún vonast þó til að farið verði af stað með framhaldsbraut sjúkraliða á vorönn en FSH mun halda utan um þá braut.

4. Framkvæmdir og rekstur

Dóra sagði frá framkvæmdum sem voru á lóð skólans í sumar, vinnu við endurnýjun raflagna í skólanum og tilfærslu á skrifstofum starfsfólks.

5. Önnur mál

Ekkert var rætt undir liðnum önnur mál.
Fundi slitið.